



Umhverfis- og skipulagssvið
Skóla- og frístundasvið

Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf





Umhverfis- og skipulagssvið
Skóla- og frístundasvið

Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI	4
MEGINÞEMU HÖNNUNAR	5
MENNTASTEFNAN	
OG NÁMSUMHVERFI	6
LÁTUM DRAUMANA RÆTAST	8
FAGMENNSKA OG SAMSTARF Í ÖNDVEGI	15
SAMFELLA OG STÍGANDI Í STARFI MEÐ BÖRNUM	16
BYGGING,	
UMHVERFI	
OG SAMFÉLAG	19
INNÍ OG ÚTI ÁRIÐ UM KRING	26
ÁBYRG	
HÖNNUN	32

FORMÁLI

Reykjavík er borg í vexti. Nýjum hverfum fylgja nýjar byggingar fyrir skóla- og frístundastarfið. Á sama tíma er verið að þetta byggð og við það fjölga börnum í rötgrónum hverfum. Því er þörf á margvíslegum endurbótum á eldra húsnæði fyrir frístunda- og skólastarf svo að tryggt sé að það mæti þörfum nútíðar og framtíðar.

Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf skapar umgjörð um starf í anda menntastefnu borgarinnar. Jafnframt er hún leiðarljós sem tekur mið af „Græna plani“ Reykjavíkurborgar sem er framtíðarsýn um borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum og öfluggu atvinnulífi sem gengur ekki á náttúruauðlindir.

Skóla- og frístundasvið og umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur hafa einnig sett fram viðmið fyrir nýbyggingar, viðbyggingar og breytingar á húsnæði fyrir leikskóla, frístundaheimili, grunnskóla, skólahljómsveitir og félagsmiðstöðvar.

Í viðmiðunum er að finna nánari leiðsögn til hönnuða um kröfur sem settar eru fram um einstök rými, tengsl, stærð, efnisval, búnað o.fl.

Þá er sett fram forsögn fyrir hvert og eitt verkefni sem tengist nýbyggingum, viðbyggingum og endurbótum. Lögð er áhersla á breiða þátttöku í forsagnarvinnu þar sem helstu hagsmunaaðilar fá tækifæri til að móta sérstöðu hverrar byggingar. Mikilvægt er að hafa þarfir væntanlegra notenda að leiðarljósi þegar ráðist er í nýbyggingar, endurnýjun eða viðbætur húsnæðis og útisvæða. Þarfagreining forsagnar er lykill í öflun slíkra upplýsinga þar sem samráð við notendur varpar ljósi á fjölbreyttar þarfir þeirra og væntingar og mætir kröfum Reykjavíkurborgar um algilda hönnun og viðeigandi aðlögun.

Lögð er áhersla á að stefnan og viðmiðin séu endurskoðuð reglulega til að fanga reynslu, nýjar hugmyndir, breyttar kröfur og þarfir. Þessar þrjár stoðir; stefna, viðmið og forsögn, mynda heild sem hönnuðum ber að fylgja, auk þeirra laga og reglugerða sem eiga við í hverju og einu verkefni.

MEGINÞEMU HÖNNUNAR

Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf markast af þremur þemum sem fanga meginmarkmið og áherslur. Hvert þema felur í sér áherslur um mannvirki og umhverfi og styður við markmið menntastefnunnar, gæði í hinu manngerða umhverfi og framtíðarsýn Græna plansins.

MENNTASTEFNAN OG NÁMSUMHVERFIÐ

Hér er horft til þeirrar umgjarðar sem skapa þarf í húsnæði skóla- og frístundastarfs til að hlúa að grundvallarþáttum menntastefnunnar. Þar er barnið í öndvegi og ólíkum þörfum þeirra og starfsfólks er mætt í umhverfinu og tekið tillit til jafnréttis- og margbreytileikasjónarmiða.

BYGGING, UMHVERFI OG SAMFÉLAG

Þetta þema hverfist um rýmisgildi byggingarinnar, þ.e. hvernig einstakir byggingarhlutar tengjast og tryggja sveigjanleika og fjölbreytni í notkun og rekstri. Samhliða er lögð áhersla á að byggingin skapi samfellu við umhverfi og samfélag.

ÁBYRG HÖNNUN

Græna planið er framtíðarsýn fyrir borgina og áætlun um græna endurreisn samfélagsins til framtíðar. Umhverfis-, fjárhags- og félagsleg sjálfbærni verður leiðarljós í ákvörðunum um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf. Með ásýnd sinni og virkni eiga þær að vera fyrirmynd barna og fullorðinna um það hvernig megi hanna og byggja, án þess að ganga á auðlindir komandi kynslóða og um leið að vera leiðarljós um gefandi og mannvænt samfélag. Mannvirki og umhverfi þeirra skulu styðja við markmið um kolefnishlutleysi, vernd náttúrusvæða, líffræðilega fjölbreytni og réttlátt og fjölbreytt borgarsamfélag.

MENNTASTEFNAN OG NÁMSUMHVERFIÐ



Í framtíðarsýn menntastefnu Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag.

Menntun er mikilvægur hluti af lífshlaupi allra og frístunda- og skólastarfið er sífellt að verða ríkari þáttur í daglegu lífi barna og unglinga. Framtíðin er hins vegar óráðin, við vitum ekki hvernig við högum frítíma okkar, hvaða tækni eða atvinnugreinar verða ríkjandi árið 2030. Við vitum þó að einstaklingar þurfa að búa yfir hæfni til að menntast, bæði formlega og óformlega, með virkri þátttöku í samfélaginu.

Menntastefnan leggur grunn að framsæknu skóla- og frístundastarfi sem byggir á styrkleikum íslensks samfélags. Henni er ætlað að mæta þeim áskorunum sem felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun. Stefnan leggur áherslu á að þróa skóla- og frístundastarf í skapandi lærdómssamfélag. Hún hverfist um börnin, þarfir þeirra og velferð í nútíð og framtíð, en um leið um valdeflingu starfsfólks og aukna fagmennsku í skóla- og frístundastarfi.

Meginmarkmið stefnunnar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs.

Vinna á að því að öll börn hafi sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri. Börn lesi sér til gagns og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi, náttúru og heiminum öllum. Þau sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinki sér heilbrigðan lífsstíl. Hlutverk starfsfólks skóla- og frístundasviðs er að koma til móts við þarfir barna og stuðla að alhliða þroska þeirra ásamt því að búa þau undir virka þátttöku í fjölmennningar- og fjölþjóðlegu lýðræðissamfélagi sem tekur örur breytingum.

Þegar ráðist er í nýbyggingar, viðbyggingar og endurbætur á aðstöðu í skóla- og frístundastarfi skapast tækifæri til að endurskoða starfshætti og inntak menntunar og þróa umhverfi sem hæfir formlegu og óformlegu námi frá sjónarhóli nútíðar og framtíðar. Nota þarf sérhvert tækifæri til að skapa aðstöðu og umgjörð fyrir framsækna starfshætti, breyttar þarfir og væntingar samfélagsins og nýja hæfni þar sem barnið og framtíð þess er í forgrunni.

Hafa ber í huga að þarfir barna eru mismunandi, m.a. eftir aldri, kyni, námsstigi, hæfni og áhugasviði. Huga þarf að líkamlegum, andlegum, vitsmunalegum og félagslegum þörfum einstaklinga og hópa allan daginn, allan ársins hring. Jafnréttis- og margbreytileikasjónarmið eru því nauðsynleg í allri hönnun aðstöðu fyrir frístunda- og skólastarf og kröfum um algilda hönnun og viðeigandi aðlögun skal mætt.

Tryggja þarf að húsnæði og aðstaða til skóla- og frístundastarfs veiti fullnægjandi umgjörð um metnaðarfullt starf og stuðli að þátttöku, heilbrigði, öryggi og vellíðan barna og starfsfólks.

„LÁTUM DRAUMANA RÆTAST“

Í menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ er lögð áhersla á að í öllu skóla- og frístundastarfi sé unnið með grundvallarþættina: félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði. Mikilvægt er að við hönnun húsnæðis fyrir skóla- og frístundastarf sé horft til grundvallarþáttanna og hvaða kröfur þeir gera til húsnæðis, umhverfis og aðstöðu. Einnig ættu leiðarljós um markvisst samstarf starfsfólks og virkni barna og þátttöku þeirra í starfinu að vera í öndvegi hönnunar. Lögð er áhersla á að barnafjölskyldur upplifi samfellu með viðeigandi stíganda í umhverfi og starfi barnanna.

FÉLAGSFÆRNI

Úr menntastefnu:

Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Kapp er lagt á að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu. Félagsfærni tengist meðal annars tilfinningalæsi, réttlætiskennd og leiðtogaþæfni. Félagsfærni þroskast öðru fremur með þátttöku í virku, lýðræðislegu samstarfi þar sem börn fá tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri. Þannig verður barnið virkur þátttakandi í mótun þess samfélags sem það tilheyrir.


Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar. Mikilvægt er að húsnæðið styðji við þjálfun og efningu félagsfærni í skóla- og frístundastarfi.

Það gerum við með því að:


- hafa stærri rými fyrir menningarviðburði og samveru stórra hópa
- hafa rými þar sem auðvelt er fyrir minni og stærri hópa að vera saman í námi, starfi, samveru og leik
- hafa minni rými fyrir teymisvinnu bæði barna og fullorðinna
- hafa útisvæði sem styður við samveru og leik þar sem líka er hægt að spjalla
- hafa fjölbreytt rými sem ýta undir virkni og þátttöku barna og fullorðinna.

Rými fyrir menningarviðburði og samveru stærri hópa

© Stapaskóli, Arkis arkitektar



minni rými fyrir teymisvinnu bæði barna og fullorðinna



© xxxx

© Unisport.dk, Frediksbjergskole



Fjölbreytt rými sem ýta undir virkni og þátttöku barna og fullorðinna



Útisvæði sem styður við samveru og leik þar sem líka er hægt að spjalla

SJÁLFSEFLING

Úr menntastefnu:

Sjálfssefling felur í sér að barnið öðlist trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og veikleika ásamt því að setja sér markmið og fylgja þeim eftir. Sjálfssefling byggir á sjálfsaga og þrautseigju. Skýr og sterk sjálfsmynd hjálpar barninu að taka sjálfstæðar, ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lifa í sátt við aðra. Sjálfsstjórn og samskiptahæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust barna, líðan, námsárangur og árangur í lífinu.

Unnið er að því að börn sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinki sér heilbrigðan lífsstíl.

Það gerum við með því að

- hafa umhverfi og aðbúnað aldursamsvarandi svo það haldi vel utan um börn á ólíkum aldri og styrki öryggiskennd þeirra
- bjóða upp á umhverfi og aðbúnað sem ýta undir sjálfshjálp, sjálfstæð vinnubrögð og þrautseigju
- skapa umhverfi sem styður við sjálfsmynd barna og gefur þeim tækifæri til að vinna með áhugamál sín og styrkleika
- hafa rými sem bjóða upp á fjölbreytni og skapandi nálgun í vinnubrögðum, úrvinnslu og miðlun verkefna
- hafa „svið“ bæði úti og inni fyrir leikræna tjáningu og framsögu
- hafa umhverfið, jafnt innan sem utandyra sem býður upp á fjölbreytt tækifæri til að takast á við líkamlegar og félagslegar áskoranir um leið og jafnréttis- og margbreytileik-sjónarmiðum er mætt

LÆSI

Úr menntastefnu:

Með læsi er átt við þá hæfni að geta lesið, skilið, túlkað og unnið á gagnrýninn hátt með ritað mál, orð, tölur, myndir og tákn. Í viðtækri merkingu vísar hugtakið einnig til læsis á ólíka miðla, umhverfi, hegðun og aðstæður. Læsi er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri og hefst með máluppeldi barna við fæðingu. Góð læsisfærni á íslensku er lykill að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi.

Í öllu skóla- og frístundastarfi er áhersla lögð á að styðja börn við að afla sér þekkingar og auka skilning á samfélagi og umhverfi.

Það gerum við með því að:

- hafa gott aðgengi að fjölbreyttum upplýsingum og lesefni, bæði stafrænu og í bókum
- sýna fjölbreyttar afurðir úr námsvinnunni með sýningum eða margbreytilegri miðlun
- hafa notaleg rými til að setjast niður með bók eða taka þátt í sögustund
- skapa góða aðstöðu til að tileinka sér vísindalega hæfni, náttúru-, miðla- og tæknilæsi
- bjóða upp á umhverfi sem hvetur til uppgötvana og áframhaldandi þekkingarleitar
- bjóða upp á lóð/útisvæði þar sem má upplifa og gera vísindalegar athuganir á náttúrunni og lögmálum hennar
- skapa námsrými sem bjóða upp á samstarf og samvinnunám þar sem hugað er að tilfinningalæsi, fjölbreyttum tjáningarformum og getunni til að setja sig í spor annarra.

SKÖPUN

Úr menntastefnu:

Sköpun er margslungið ferli sem í grunninn byggist á forvitni, skapandi og gagnrýnni hugsun en líka á þekkingu, frumkvæði og leikni. Sköpun nær flugi þar sem áskoranir eru fjölbreyttar, spurningar eru opnar, lausnir margar og áhersla er lögð á framkvæmdina og sýnileika hennar. Í gegnum sköpunarferlið verður til eitthvað sem hefur gildi fyrir barnið sjálft, næsta umhverfi og/eða samfélagið.

Sköpun og skapandi hugsun þjálfast á fjölbreyttan hátt, bæði innan dyra og utan, í samvinnu við aðra eða með okkur sjálfum. Húsnæði fyrir skóla- og frístundastarf og staðsetning þess þarf að skapa þessa möguleika.

Það gerum við með því að


- hafa viðeigandi aðstöðu og rými fyrir fjölbreytt list- og verknám, skapandi og listræna tjáningu.
- hafa rými fyrir þjálfun í leikrænni tjáningu, framkomu eða listflutningi einstaklinga og hópa
- hafa svæði/lóð utandyra sem styður við skapandi leiki, tilraunir, vatnssull, rót í sandi og mold
- hafa viðeigandi aðstöðu þar sem börn geta notið sín í frjálsum leik og tjáð sig á skapandi og listrænan hátt í gegnum fjölbreyttan efnivið.
- hafa aðstöðu til nýta framsækna tækni og aðferðarfræði hönnunar (e. design thinking) til náms og nýsköpunar m.a. í snillismiðjum („makerspaces“ og „fablab“),
- hafa fjölnýtanleg einstaklingsrými fyrir tónlistarsköpun og hljóðfæranám, myndvinnslu o.fl.

Svæði utandyra sem styður við skapandi leiki, tilraunir, vatnssull, rót í sandi og mold.



© Dalskóli, Vaarkitektar

Aðstaða til nýta framsækna tækni og aðferðarfræði hönnunar (e. design thinking) til náms og nýsköpunar m.a. í snillismiðjum („makerspaces“ og „fablab“)



© AdobeStock



© Unisport.dk, Frediksbjergskole

Fjölbreytt rými sem ýta undir virkni og þátttöku barna og fullorðinna



© Dalskóli, Vaarkitektar

Kaffi- og mataraðstaða starfsfólks

HEILBRIGÐI

Úr menntastefnu:

Undir heilbrigði falla meðal annars lífs- og neysluvenjur, líkamleg færni, kynheilbrigði og andleg og félagsleg vellíðan. Hugmyndir um heilbrigði hafa þróast með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama, náttúrulegu og félagslegu umhverfi og áhrifum efna og fæðu. Vellíðan barns í daglegu lífi leggur grunninn að virkri þátttöku, aukinni færni og árangri í skóla- og frístundastarfi.

Unnið verður að því að öll börn tileinki sér heilbrigðan lífsstíl og öðlist hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði.

Það gerum við með því að:

- hafa rými og aðbúnað sem stuðlar að öryggiskennd og vellíðan allra barna
- hafa sameiginleg rými þar sem börn geta þjálfað fín- og grófhreyfingar, s.s. stíkl, klifur, skrið, jafnvægi og fleira
- hafa góðar tengingar milli úti og innisvæða og stuðla þannig að markvissu útinámi
- hafa aðstöðu til náttúruupplifunar og ræktunar innan- og utandyra og á nálægum grænum svæðum
- hafa rými þar sem börn geta matast í ró og næði og bjargað sér sjálf
- hafa aðstöðu sem býður upp á fjölbreytta hreyfingu fyrir einstaklinga, minni og stærri hópa jafnt í námi, starfi og leik.
- Hafa aðstöðu þar sem hægt er að finna ró og næði í dagsins önn

FAGMENNSKA OG SAMSTARF Í ÖNDVEGI

Úr menntastefnu:

Í skóla- og frístundastarfi borgarinnar starfar framsækið starfsfólk sem rýnir eigin starfsaðferðir, vinnur saman að sameiginlegum markmiðum og tileinkar sér nýja starfs- og kennsluhætti. Starfsfólk á frumkvæði að samstarfi við foreldra. Fjölbreytt og þverfaglegt samstarf innan starfsstaða og milli starfsstaða stuðlar að þróun menntunar.

Til þess að stuðla að þverfaglegu starfi þarf að tryggja starfsfólki góða aðstöðu og búnað, en einnig að skapa rými og tíma fyrir ígrundun og hvíld.

Fjölskyldur barna í skóla- og frístundastarfi eru mikilvægir samstarfsaðilar þeirra sem þar starfa og deila með þeim ábyrgð á menntun og uppeldi. Því er mikilvægt að byggingar bjóði upp á aðlaðandi aðstöðu sem er tekur vel á móti foreldrum og fjölskyldum með ólíkan bakgrunn þannig að öll séu þau tilbúin til að taka þátt í námi, starfi og leik barnanna.

Það gerum við með því að

- tryggja rými sem bjóða upp á samstarf starfsmanna í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi
- staðsetja rými starfsfólks innan byggingar þannig að tími þeirra nýtist vel
- hafa aðstöðu til einbeitingar og hvíldar fyrir starfsfólk
- hafa skýra leiðarvísa inn í og um húsnæðið
- hafa bjóðandi og hlýlegan inngang
- bjóða upp á aðgengileg fundarherbergi
- hafa rými þar sem foreldra geta hitt hvert annað og starfsfólk

SAMFELLA OG STÍGANDI Í STARFI MEÐ BÖRNUM

UNGABÖRN

Reykjavíkurborg leggur ríka áherslu á að tryggja að börn geti hafið leikskólagöngu strax að loknu fæðingarorlofi foreldra, hvort heldur er í sérstökum ungarnaleikskólum eða ungarnadeildum. Umhverfi barna sem sækja leikskóla frá eins árs aldri verður að taka mið af tilfinninga-, félags-, líkams- og hreyfþroska þeirra. Aðlögun einkennir fyrstu ár barns í leikskóla, sem og umhyggja í fyrstu skrefum í námi þess með öðrum börnum. Vellíðan og öryggi barna og foreldra eru lykilþættir svo leikskólagangan fari vel af stað. Umhverfi leikskólustarfs fyrir börn á þessum aldri þarf því að vera notalegt, afmarkað og umfaðmandi. Skapa þarf góða aðstöðu til að mæta grunnþörfum barnanna, til dæmis fyrir hvíld og svefn, mat og drykk, skiptiaðstöðu, leik og hreyfingu, jafnt innan- sem utandyra. Einnig þarf að huga að því hvernig rými tekur á móti foreldrum og fjölskyldum og stuðlar að vellíðan þeirra og að því að þau séu velkomin og mikilvægir samverkamenn í leikskólustarfinu.

ELSTU BÖRN LEIKSKÓLA OG YNGSTU NEMENDUR GRUNNSKÓLA

Sífelld fleiri fjölskyldur velja frístundaheimili fyrir börn sín að loknum skóladegi í 1.-4. bekk. Grunnþættir starfs í leikskóla og grunnskóla hafa verið samræmdir í gegnum aðalnámskrá og sveitarfélögum gert að bjóða upp á frístundaheimili sem framfylgja viðmiðum um gæði í starfi. Mikilvægt er að bregðast við ákalli samfélagsins um aukið samstarf og sveigjanleika um nám, starf og leik barna. Það er því skynsamleg ráðstöfun að starfsemi leikskóla, yngsta stigs grunnskóla og frístundaheimilis samnýti aðstöðu, eins og kostur er. Undir einu þaki fléttast saman umhyggja, nám og þroskavænlegt umhverfi, þar sem ólíkar fagstéttir skapa samfellt skóla- og frístundastarf í nánú samstarfi. Slíkt fyrirkomulag krefst nýrrar hugsunar og skörunar á mörgum sviðum, allt frá hönnun bygginga til skipulags og stjórnunar. Þarna mætast þrjár hefðir, leikskóli, grunnskóli og frístundaheimili. Þekking og menning renna saman í daglegum leik og starfi og skapar samfellu.

Yngri skólabörn og eldri börn í leikskólastarfi þurfa sveigjanlegt námssvæði sem hæfir fjölbreyttu námi, starf og leik. Þau þurfa aðgengi að hreyfirými, listasmiðju og matstofu.

Í leikskólum þykir sjálfsagt að börn sulli í pollum, búi til moldarkökur, velti sér í snjónum, rúlli sér í grasinu og bjóði vindinum byrginn. Viðhalda þarf slíkri útivistarmenningu og aðstöðu til hennar á útisvæði fram til níu eða tíu ára aldurs og skapa tækifæri til útiveru, útikennslu, náttúruskoðunar og til að þjálfa úthald og seiglu. Skýr tenging þarf að vera milli byggingar og lóðar sem jafnframt skapar barnvæna heild. Útisvæði þarf að hafa náttúrlegt yfirbragð og hið náttúrulega og manngerða þarf að renna vel saman. Skapa þarf skjólsæl svæði með byggingunum sjálfum og með náttúrulegum hætti úti á lóðinni.

ELDRI GRUNNSKÓLABÖRN OG UNGLINGAR Í GRUNNSKÓLA

Í aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir miklum sveigjanleika í námi og að börn eigi ríkulegt val um viðfangsefni, námsaðferðir, námsaðstæður og verkefnaskil. Á sama tíma er lögð áhersla á að börnin hafi góðan aðbúnað til náms á öllum námssviðum grunnskólans og aukast kröfurnar um þetta eftir því sem

nemendur eldast. Unglingar vilja eiga fjölbreytt val um félaga og vini, hitta aðra með fjölbreytt áhugamál, geta horfið um stund í fjöldann eða verið stjarna dagsins eftir því hvernig dagsformið er. Mikilvægt er að unglingarnir njóti stuðnings fagfólks með ólíkan bakgrunn; kennara með sérþekkingu á ólíkum námssviðum, frístundaráðgjafa, námsráðgjafa, íþróttabjálfa, markþjálfara, listamanna og matreiðslumanna sem geta gefið þeim byr undir báða vængi og stuðlað að því að hver og einn fái notið styrkleika sinna. Koma þarf til móts við börn og unglinga svo þau geti blómstrað út frá sínu áhugasviði og látið drauma sína rætast.

Mikilvægt er að í byggingu fyrir skóla- og frístundastarf fyrir eldri grunnskólabörn og unglinga sé góð aðstaða til náms á öllum námssviðum sem samnýtist vel í verk- og listnámi, í starfi félagsmiðstöðva, og til íþróttaiðkunar. Húsnæðið getur um leið verið samfélagsmiðstöð fyrir hverfið. Gera þarf ráð fyrir því í rýminu og skapa tækifæri til að samnýta húsið fyrir ólíka hópa barna, unglinga og fullorðinna. Horfa má til þess að unglingarnir vilji aðra aðstöðu til að matast en hefðbundinn matsal. „Kaffihús“, og sófakrókar gagnast vel í skóla- og frístundastarfi allan daginn, t.d. í hópastarfi, í starfi félagsmiðstöðvar og öðru félags- og menningarstarfi. Á lóð þarf að gera ráð fyrir áhugamálum og þörfum eldri barna og unglinga til athafna, íþróttar og samveru. Mikilvægt er að byggingin tengist vel umhverfinu og styrkleikar umhverfis séu nýttir til að efla tengsl skóla, frístundastarfs, samfélags og umhverfis.

Yngri skólabörn og eldri börn í leikskólastarfi þurfa sveigjanlegt námssvæði sem hæfir fjölbreyttu námi, starf og leik. Þau þurfa aðgengi að hreyfirými, listasmiðju og matstofu.



BYGGING, UMHVERFI OG SAMFÉLAG



Mannvirki eru byggð til að endast í áratugi eða jafnvel aldir. Með þeim er verið að skapa varanleg verðmæti og umhverfi komandi kynslóða. Markmið borgarinnar er að vönduð byggingarlist skapi góða umgjörð fyrir skóla- og frístundastarfið þar sem fer saman framsækni, fagurfræði og notagildi. Byggingarnar, útisvæðið og nærumhverfið (náttúra og samfélag) halda utan um starfið og styðja við athafnir allra þeirra sem taka þátt í starfinu eða eiga erindi í aðstöðu leikskóla, frístundaheimila, grunnskóla, skólahljómsveita og félagsmiðstöðva í borginni.

Til að umgjörðin um fagstarfið á hverjum stað sé sem best er mikilvægt að vanda undirbúning, hönnun, framkvæmdir og rekstur mannvirkja allan líftíma þeirra.

MENNTASAMFÉLAGIÐ OG MANNGERÐA UMHVERFIÐ

Mikilvægt er að byggingar fyrir skóla- og frístundastarf tengist vel nærumhverfinu og að styrkleikar þess séu nýttir í hönnun. Byggingin og útisvæðið, staðsetning og hönnun á að styrkja stöðu skóla- og frístundastarfsins í samfélaginu, efla nærsamfélagið og styðja börn í að læra á nærumhverfi sitt.

Menntasamfélagið byggist alltaf upp í sameiningu af börnum, starfsfólki, foreldrum og öllum öðrum sem því tilheyra. Manngerða umhverfið og hönnun þess þarf að styðja við líf, leik og starf og gefa fólki þá tilfinningu að það tilheyri samfélagi. Byggingin og umhverfið þarf að styrkja samfélagið og mæta fjölbreyttum þörfum.

Vissulega skiptir miklu hvort verkefnið á hverjum tíma snúist um nýja byggingu, viðbyggingu við eldri byggingu eða endurgerð byggingar sem hefur átt sess í samfélagi sínu. Ætíð skal hafa í huga hvernig byggingin getur styrkt samfélagið og staðarkenndina og stuðlað að farsælum starfsháttum í skóla- og frístundastarfi til framtíðar.


Bygging og útisvæði eiga að mynda heildstætt umhverfi fyrir skóla- og frístundastarf en styðja jafnframt við ólíkar þarfir þeirrar starfsemi sem fram fer í hverri byggingu eða byggingarhluta.

Samhengið og sérstaðan í byggingunni og umhverfinu á að skapa notendum samastað, stað sem þeir eiga hlut í og eiga þátt í að móta.

Það gerum við með því að


- hafa samráð í hönnunarferlinu við aðila skólasamfélagsins
- láta sérkenni umhverfis og staðaranda lita hönnun húsnæðis og útisvæðis
- hafa góðar tengingar milli útisvæðis og helstu samgönguleiða
- staðsetja innganga þannig að aðgengi að helstu starfsemi sé einfalt og skýrt

Styðjast frekar við færarlegar innréttingar og húsbúnað en fastar innréttingar sem hæfa aðeins ákveðnum aldri



© Dokki, Shi

Huga sérstaklega að því að dagsbirtan flæði vel inn í rými þar sem dvalið er í lengri tíma




© Dokki, Shi



© Ævintýraborgir

Lita- og efnisval stuðli að velliðan. Hafa fjölbreytt rými af ólíkum stærðum og gerðum og stuðla að ólíkri rýmisupplifun



© Dalskóli, Vaarkitektar

Huga skal vel að hljóðhönnun, hljóðeinangrun og hljóðdreifingu

LÍÐAN OG SKYNNHRIF

Góð líðan er forsenda náms og starfs. Mannvirki og umhverfi þeirra hafa áhrif á líðan okkar. Arkitektúr og rýmismyndun er sterkur áhrifavaldur og góð hönnun stuðlar þannig að vellíðan. Umhverfi og rými örvar skynjun okkar og stuðlar að auknum þroska. Þess vegna á umhverfið ekki að vera hlutlaust, heldur styðja og styrkja skóla- og frístundastarfið. Byggingin og nærumhverfi hennar á að örva með birtu, hljóði, lykt og yfirborði. Góð skynhrif af fallegu og örvandi umhverfi hafa líkamleg og tilfinningaleg áhrif sem eykur skilning á umhverfinu og skerpir upplifun. Myndlist og listskreytingar eru mikilvægur hluti sjónrænnar örvunar og þarf að vera hluti af heildarmynd hvernar byggingar.

Mikilvægt er að hægt sé að móta rýmin og stærð þeirra svo þau henti þeim aldurshópum sem þar vinna hverju sinni, haldi vel utan um börnin og stuðli að öryggiskennd þeirra og vellíðan. Þannig er mikilvægt að börnin upplifi að þau rými sem þau nota mest yfir daginn taki mið af aldri þeirra og þeim verkefnum sem þau vinna að á hverjum tíma.

Áherslu þarf að leggja á birtuskilyrði og áhrif góðrar birtu á notendur. Sérstaklega skal huga að því að sem flest rými njóti góðs af dagsbirtunni, þær stundir sem hennar nýtur. Vinna skal sérstaklega vel með hljóðvist í allri byggingunni, þannig að notendur geti unnið í ró og næði en upplifi ekki óþarfa streitu vegna hávaða frá öðrum.

Það gerum við með því að

- hafa fjölbreytta formmyndun
- lita- og efnisval stuðli að vellíðan
- hafa fjölbreytt rými af ólíkum stærðum og gerðum og stuðla að ólíkri rýmisupplifun
- styðjast frekar við færanlegar innréttingar og húsbúnað en fastar innréttingar sem hæfa aðeins ákveðnum aldri
- gera ráð fyrir því í hönnun og útfærslu að það sé mismunandi á milli ára hvaða og hvernig ólíkir aldurshópar nýta rýmin
- huga sérstaklega að því að dagsbirtan flæði vel inn í rými þar sem dvalið er í lengri tíma
- gera þarf ráð fyrir í tilteknum rýmum að hægt sé að útiloka dagsbirtu (leiksýningar, dansleikir o.þ.h.)
- nýta dagsbirtu til fulls í íverurýmum barna og starfsfólks
- huga vel að hljóðhönnun, hljóðeinangrun og hljóðdreifingu

SAMSPIL RÝMA, SAMNÝTING OG FJÖLNÝTING

Byggingar fyrir skóla- og frístundastarf á að móta þannig að flæði ólíkra starfshátta verði einfalt, eðlilegt og vel tengt innbyrðis. Almenn á að vera fjölbreytni og sveigjanleiki í rýmum byggingarinnar, mótun þeirra og hönnun. Það á einnig að vera möguleiki á því að hólfa rými af og loka þannig að hægt sé að vera í næði og ró og skapa öruggt umhverfi. Byggingin/byggingarnar og útisvæði skulu mynda heild sem þrátt fyrir ólík hlutverk tengjast vel.

Tryggja þarf að aðlaga megi bygginguna að breytilegum þörfum og breyttum áherslum í skóla- og frístundastarfi í nútíð og framtíð. Nauðsynlegt er að byggingin og einstakar einingar hennar séu fjölnýttar og samnýttar. Lögð er áhersla á að sem flest rými nýtist frá morgni til kvölds, alla daga. Mikilvægt er að hafa í huga hvernig afmarka megi notkun húsnæðis þegar mikil áhersla er lögð á sam- og fjölnýtingu.

Það gerum við með því að

- hafa góðar tengingar á milli svæða og rýma innan bygginga sem og góða tengingu á milli úti- og innirýma
- búa til vettvang fyrir ólíkar starfs- og kennsluaðferðir
- líta á öll rými barnanna sem samfellt námssvæði
- skapa með gluggum og gluggaveggjum sjónrænar tengingar innan byggingar sem stuðla að tilfinningu fyrir lífinu í byggingunni, yfirsýn og öryggi og hleypa birtu milli rýma
- stuðla að samnýtingu og samstarfi milli leikskóla, grunnskóla, skólahljómsveitar, frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar með mjúkum mörkum og sveigjanleika rýma
- haga aðgangsstýringu milli byggingahluta þannig að fjölnýting sé tryggð
- staðsetja innganga í bygginguna með markvissum hætti
- nýta létta veggir og stór dyraop svo hægt sé að breyta rýmum með auðveldum hætti
- gera ráð fyrir felliveggjum og renniflekum þar sem það er nauðsynlegt.



skrifstofa

INNI OG ÚTI ÁRIÐ UM KRING

Leikskólinn, grunnskólinn, frístundaheimilið og félagsmiðstöðin er allt í senn námsumhverfi barnsins, heimili að heiman, samkomustaður og næðisrými. Þetta er vettvangur barnsins allan ársins hring, jafnt sumar, vetur, vor og haust.


ALLAN DAGINN

Leikskólabörn eru í skólanum árið um kring fyrir utan fjögurra vikna sumarleyfi. Þegar skóladegi og skólaári grunnskólans lýkur tekur frístundaheimilið og félagsmiðstöðin við og starf skólahljómsveitar fer fram allan skóladaginn og að loknum skóladegi. Starfsfólk er við störf í byggingunni fram eftir kvöldi og húsnæðið nýtist almenningi með fjölbreyttum hætti. Sú hugsun að skólahúsnæði sé lokað og nánast „líflaust“ að loknum skóladegi og skólaári heyrir sögunni til. Taka þarf tillit til þessa í allri hönnun, jafnt í aðstöðu fyrir börnin, starfsfólk, aðra notendur, hönnun stoðryma, lóðar og útisvæðis og aðkomu að byggingunni. Þetta gerir einnig ríkari kröfur um gæði byggingarefna og hönnunar þannig að viðhaldsþörf sé í lágmarki og að íverurýmið þoli bæði sólarálag, úrhelli og frosthörkur. Ræsting fer fram allan daginn, starfsfólk er við störf árið um kring, mótuneytið er í notkun allt árið, lóðin er sífellt undir átroðningi, viðhald byggingar þarf að fara fram á starfstímanum, anddyri þurfa jafnt að geta takið á móti snjóugum kuldagöllum og moldugum stígvélum. Það þarf að koma til móts við fjölbreytta starfsemi og fjölbreytt veðurfar allan daginn, árið um kring.

Það gerum við með því að


- skipta grunnhönnun rýma annars vegar í rými barna, almannarými og rými starfsmanna
- inngangar og anddyri þjóni tilgangi sínum í öllum veðrum, allan ársins hring
- tryggja að lofræstikerfi og gluggasetning mæti mismunandi hitastigi í umhverfinu
- haga gluggasetningu og staðsetningu íverurýma þannig að sólarálag skapi ekki vanda vegna ónógra loftgæða
- haga gluggasetningu þannig að notendur geti notið dagsbirtu og fylgst með lífinu í nærumhverfinu
- tryggja að öll byggingin og þá sérstaklega gluggar, hurðar, þök og ytri frágangur lofræstikerfa sé þannig að húsnæðið þoli vatns- og snjóálag í úrkomu og stórviðrum þannig að ekki komi leki að byggingu
- sjá til þess að síræsting geti farið fram
- efnisval á útisvæði, val á leiktækum og gróðri taki mið af stöðugri notkun allan ársins hring

Inngangar og anddyri skulu þjóna tilgangi sínum í öllum veðrum, allan ársins hring og vera vel merkt.



© Frederiksbjerg / Henning Larsen

Skipta grunnhönnun rýma annars vegar í rými barna, almannarými og rými starfsmanna



© Urriðaholtsskóli / Úti og inni arkitektar



© Frederiksbjerg / Henning Larsen



© Frederiksbjerg / Henning Larsen

Efnisval á útisvæði, val á leiktækum og gróðri taki mið af stöðugri notkun allan ársins hring

Búa skal börnum öruggt umhverfi innan- og utandyra sem veitir þeim jafnframt áskorun og fjölbreytta hreyfingu.



© Unisport.dk. Frediksbjergskole

T.d. hlaupabrautir, rimla, kaðla og klifurveggi á göngum og í fjölnota svæðum



© Unisport.dk. Frediksbjergskole



© Dalskøli, Vaarkitektar

Skipuleggja matstofur með breytilegum búnaði, háum og lágu bordum, næðisaðstöðu, heimilislegum matarkrókum eða „kaffihúsi“ sem hæfir ólíkum aldri



© Dalskøli, Vaarkitektar

Afmarka ákveðin svæði fyrir ákveðna barnahópa sem eru þeirra, s.s. fatahólf og hvíldarsvæði

INNI - HEIMILISLEGT OG HEILSUSAMLEGT UMHVERFI

Heimilislegt og heilsusamlegt umhverfi á að vera ráðandi í allri mótun og afmörkun svæða. Hugtakið „heima“ skiptir börn og fullorðna máli því það felur í sér að allir tilheyri og finni fyrir öryggi og vellíðan. Börn eiga að hafa tækifæri til að setja sinn svip sinn á umhverfið með sköpun og gera það að sínu.

Hreyfing og íþróttir eiga ekki lengur einungis heima í íþróttahúsinu heldur um alla bygginguna. Börnin eiga að fá fjölbreytta aðstöðu til hreyfingar og margvíslegrar líkamsbeitingar.

Í matartíma er boðið upp á hollan, fjölbreytan og næringarríkan mat. Málsverðir eru mismunandi eftir aldri barnanna, en geta m.a. verið hafragrautur að morgni, heit máltíð í hádegi, síðdegishressing og ávaxtastund. Aðstaða til að matast þarf að vera aðlaðandi og notaleg og skapa góða matarmenningu, því það að framreiða, borða saman og ganga frá er hluti af menntun. Huga þarf að rýmisumgjörð og hljóðvist málsverða í samræmi við aldur og þroska barna. Í matstofu eiga börnin að geta sótt sér mat, snætt og gengið frá að máltíð lokinni. Boðið eru upp á fjölbreytni í húsbúnaði og börnin geta valið sér sæti eftir dagsforminu.

Það gerum við með því að

- búa börnum öruggt umhverfi innan- og utandyra sem veitir þeim jafnframt áskorun og fjölbreytta hreyfingu, t.d. hlaupabrautir, rimla, kaðla og klifurveggi á göngum og í fjölnota svæðum
- bjóða upp á tækifæri til hreyfingar og virkni jafnt innan- sem utandyra með hreyfistöðvum sem hvetja til leikja, í frjálsum tíma og stuttum hléum
- hafa hreyfisali í ýmsum stærðum, þar sem má stunda boltaíþróttir, jóga, dans, glímu eða aðra hreyfingu
- afmarka ákveðin svæði fyrir ákveðna barnahópa sem eru þeirra, s.s. fatahólf og hvíldarsvæði
- skipuleggja matstofur með breytilegum búnaði, háum og lágum borðum, næðisaðstöðu, heimilislegum matarkrókum eða „kaffihúsi“ sem hæfir ólíkum aldri

ÚTI – ÞAR SEM LÍFIÐ ER

Útisvæði, lóðir og nærumhverfi er aflvaki í öllu samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs við samfélagið. Mannvirkið og útisvæðið eru sameign borgarbúa og nýttast nærsamfélaginu allan ársins hring. Ríkulegt og spennandi leiksvæði eykur og bætir útiveru barna í frjálsum leik og fjölbreyttri hreyfingu, líka eftir að hefðbundnum skóla- og frístundadegi lýkur. Skapa þarf góð skilyrði á lóð fyrir útiveru, útinám og hreyfingu en einnig uppbyggilega samveru og samskipti sem efla félagsfærni. Hanna ber útisvæði þannig að þau skapi góð tengsl við náttúruna og efli náttúru- og fegurðarskynjun.

Mikilvægt er að huga að veðurfari á hverjum stað. Skapa þarf sólrik og skjólsæl útisvæði til að styðja við leik og samskipti og vanda til verka þannig að form og útfærsla mannvirkja dragi úr vind- og úrkomuálagi. Sérstaklega skal hafa í huga skjólmyndun á helstu aðkomuleiðum og við innganga að byggingunni.

Útinám er eðlilegur hluti starfsins allan daginn og allt árið um kring. Umhverfið á að vera hluti af námsumhverfinu og eiga sess í náminu.

Leiksvæði allra yngstu barnanna (1–3 ára) þarf að vera afmarkað, öruggt og á sama tíma krefjandi fyrir þennan aldur og bjóða upp á skynhrif og uppgötvunar í útivistinni. Börn hafa gaman að fara inn í, ofan í og undir hluti. Enda þótt leiksvæði séu örugg er mikilvægt að ekki sé gúmmíkúlugólf yfir öllu, heldur að börnin komist í snertingu við náttúruleg efni, ekki aðeins mold, sand og grjót heldur einnig runna, lyng og mosa. Útisvæði yngstu barnanna þurfa að vera í mikilli nálægð við innisvæði þessa hóps. Leiksvæði eldri leikskólabarna og yngsta stigs grunnskóla og frístundaheimilis þarf að vera spennandi og bjóða upp á upplifun og ævintýri. Þau geta verið í örlítið meiri fjarlægð frá skóla- og frístundahúsnæðinu.


Leiksvæði eldri barna og unglinga þurfa að mæta þörfum þeirra fyrir hreyfingu og slökun og skapa námstækifæri í útikennslu. Útisvæði unglinga þarf að vera sérlega hvetjandi til útiveru s.s. með góðri aðstöðu fyrir knattspyrnu og körfuknattleik og aðra íþróttaiðkun.

Það gerum við með því að:

- bjóða upp á slitsterkt efni og setja gúmmímottur á álagssvæði þar sem það er nauðsynlegt
- hafa afmarkaða íþróttavelli og parísa, s.s. knattspyrnuvelli með gervigrasi og körfuboltavelli þannig að í stað hins ríkjandi, miðjusetta fótboltavallar á að skipta útisvæðinu upp í mörg ólík svæði, með áherslu á hlutlaust lita- og leikfangaval þannig að börn geti kosið hvar og hvernig þau leika sér, laus undan þrýstingi um að laga sig að staðalmyndum í umhverfi sínu
- afmarka hluta lóðar fyrir útikennslustofu
- hafa svæði sem mest með náttúrlegu yfirbragði og láta hið náttúrulega og manngerða renna vel saman
- hafa skúra, byrgi, skemmur eða kistur á útisvæðum til að geyma búnað
- setja upp endingargóð leiktæki sem örva hreyfigetu
- bjóða upp á áskoranir, tækifæri til að hlaupa, klifra, skríða í gegnum göng, moka, drullumalla eða fela sig fyrir ljónum og tígrisdýrum eða æfa sig fyrir þátttöku í skólahreysti.
- gera skjól úr steinhleðslum eða með náttúrulegum veggjum, trjám, gróðri eða mönum og skapa þannig notalegar aðstæður til samskipta og samtals.
- skapa börnum tækifæri til beinna tengsla og snertingar við gras, sand, vatn, mold, drullu, tré, lauf og fjölbreyttan gróður og þá um leið fjölbreytt smádýralíf
- bjóða upp á spjallaðstöðu fyrir miðstig og unglingastig (kofar/skýli o.fl.)
- hugsa útisvæðið sem vettvang náms á mörgum námssviðum

Skipta útisvæðinu upp í mörg ólík svæði, með áherslu á hlutlaust líta- og leikfangaval þannig að börn geti kosið hvar og hvernig þau leika sér, laus undan þrýstingi um að laga sig að staðalmyndum í umhverfi sínu

© Frederiksbergskóli / Henning Larsen




© Dokki

© Frederiksbergskóli / Henning Larsen



Hafa skúra, byrgi, skemmur eða kistur á útisvæðum til að geyma búnað. Blágrænar ofanvatnslausnir



Setja upp endingargóð leiktæki sem örva hreyfigetu

© Helgafellsskóli / Yrki arkitektar

ÁBYRG HÖNNUN



Engin skilin eftir.

Í Reykjavík verður græna umbreytingin byggð á réttlæti, sanngirni og þátttöku. Íbúar búa við öryggi og geta haft jákvæð áhrif á eigið líf og annarra í nútíð og framtíð.

Með ábyrgri hönnun er skapaður farvegur til framtíðar. Ábyrg hönnun tekur tillit til umhverfislegra, efnahagslegra og félagslegra þátta. Ábyrg hönnun tekur framtíðinni opnum örmum og veitir nýrri tækni, þekkingu, hugmyndum og fjölbreytileika farveg.

GRÆNA PLANIÐ

Græna planið er heildarstefna Reykjavíkurborgar sem dregur upp framtíðarsýn borgarinnar til ársins 2030 og tengir lykilstefnur og áætlanir borgarinnar við þá sýn. Það er framtíðarsýn um borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum og öflugu atvinnulífi sem gengur ekki á náttúruauðlindir. Lykilviðdir græna plansins eru þrjár; efnahagsleg, samfélagsleg og umhverfisleg en sjálfbærni næst ekki nema tillit sé tekið til allra þriggja þátta.

GRÆNN VÖXTUR

Í Reykjavík er kraftmikill grænn vöxtur, samkeppnishæft borgarsamfélag og frjósamur jarðvegur fyrir skapandi hugmyndir sem laðar fólk að til búsetu, heimsóknar og athafna.

KOLEFNISHLUTLAUS BORG

Reykjavík er blómleg, skemmtileg og heilbrigð borg sem verður kolefnishlutlaus árið 2040.

REYKJAVÍK OKKAR ALLRA

Reykvískt samfélag er byggt á réttlæti, sanngirni og þátttöku barna og fullorðinna. Borgarbúar lifa við öryggi og geta haft jákvæð áhrif á eigin líf og annarra. Með því að hlusta, miðla, rýna og þróa er suðlað að inngildingu þar sem engin er skilin eftir.

VISTVÆN HÖNNUN

Við undirbúning, hönnun, byggingu og rekstur bygginga Reykjavíkurborgar er áhersla lögð á umhverfissjónarmið. Fylgja skal samþykktum borgarráðs frá 8. október 2015 um vistvæna vottun bygginga í samræmi við umhverfsvottunarkerfið BREEAM, þeim markmiðum sem sett eru fram í græna planinu og græna skuldabréfamma Reykjavíkurborgar. Mikilvægt er að í hönnunarferlinu sé unnið markvisst að sjálfbærni, s.s. í stjórnun og skipulagi, við efnisval og með gerð lífsferilsgreininga.

Það gerum við með því að

- láta heilsu og vellíðan notenda byggingarinnar vera leiðarljós í hönnunarferlinu
- vistspor byggingarinnar sé lágmarkað með vandaðri hönnun
- vinna lífsferilsgreiningar
- efnisval og hönnun tryggi sem minnst umhverfisspor og að rekstrarkostnaður byggingarinnar sé í lágmarki
- í undirbúnings- og hönnunarferli sé tekið tillit til líftímakostnaðar en ekki einungis stofnkostnaðar
- vinna með blágrænar ofanvatnslausnir og gegndræpi yfirborðs eins og kostur er

UPPLÝSINGALÍKAN MANNVIRKJA - BIM

Mikilvægt er að fagleg vinnubrögð séu viðhöfð við undirbúning, hönnun, framkvæmd og rekstur mannvirkis. Í stafrænni umbreytingu er nauðsynlegt að horfa til þess hvernig nýta megi tæknilausnir við hönnun og til að stjórna upplýsingum í hönnunar- og framkvæmdaferli. Þá skal horfa til hvernig má auka gæði og gagnsæi, bæta áhættustýringu og fá betri skilning og yfirsýn frá frumáætlunum og út líftíma mannvirkja.

Það gerum við með því að

- vinna upplýsingalíkan mannvirkja (BIM - building information model)
- borgin eigi upplýsingalíkan að lokinni framkvæmd og geti nýtt það við rekstur mannvirkis
- að upplýsingakerfi séu unnin í samræmi við byggingarflokkunarkerfi borgarinnar
- að líkön séu hæf til magntöku, kostnaðaráætlana og lífsferilsgreininga.

BYGGINGARARFURINN OKKAR OG SAGAN

Mikil verðmæti eru fólgin í mannvirkjum, byggingararfi og byggðamynstri. Byggingararfleiðin og menningararfurinn tengja okkur við og söguna og ræturnar. Arfleiðin hefur mótað og skapað okkur og er hluti af sjálfsmyndinni.

Í borginni setja skóla- og frístundamannvirki svip sinn á hverfin. Þau eru tilvísun í þann tíma sem þau voru byggð á og þá framtíð sem þá áttu að rúma. Þau og segja og sýna söguna, bæði áherslur í sýn til menntunar og arkitektúrs. Það er mikilvægt að hlúa að þeim mannvirkjum sem við eigum, byggja við þau af virðingu fyrir byggingarlistinni og sögulegu samhengi og muna að áfram er verið að skapa varanleg verðmæti og umhverfi komandi kynslóða.

Það gerum við með því að

- tryggja verndun og viðhald hins manngerða umhverfis í samræmi við sögulegt og byggingarlistalegt gildi þess
- stuðla að lifandi notkun og þróun mannvirkja með virðingu fyrir uppruna þeirra
- að tryggja mikilvæg sérkenni bæði byggingum og því umhverfi sem hún tengist og er hluti af

Tryggja skal verndun og viðhald hins manngerða umhverfis í samræmi við sögulegt og byggingarlistalegt gildi þess



© Laugalækjaskóli

Stuðla skal að lifandi notkun og þróun mannvirkja með virðingu fyrir uppruna þeirra



© Laugalækjaskóli



© Melaskóli


tryggja skal mikilvæg sérkenni bæði byggingum og því umhverfi sem hún tengist og er hluti af



© Laugalækjaskóli / Studio Granda



Taka skal tillit til aðgengis fyrir alla í allri hönnun jafnt innan sem utandyra



Tryggja skal að hljóðvist sé viðeigandi og hæfi þeirri starfsemi sem fer fram í hverju og einu rými

Dalskóli / Vaarkitektar

MENNTUN ÁN AÐGREININGAR – ALLIR MEÐ

Náms- og leikumhverfi, jafnt innan sem utan dyra, á að skipuleggja þannig að það styðji við þátttöku allra barna og starfsmanna. Við stækkun og breytingu á húsnæði á ætíð að huga að aðgengi fyrir alla, farsælli menntun án aðgreiningar, auknu jafnrétti, virkara lýðræði, menningarlegum fjölbreytileika og aukinni virkni allra barna í námi, starfi og leik.

Algild hönnun er höfð að leiðarljósi við alla ákvarðanatöku, hönnun og útfærslur til að koma til móts við margbreytileika fólks sem hefur mismunandi eiginleika, hæfni og takmarkanir. Þannig er byggt á gildum um jafnræði og jafna möguleika til þátttöku í öllu starfi sem boðið er uppá í byggingunum og umhverfi þess. Þannig skal gera umhverfið aðgengilegra, stuðla jafnari tækifærum og auka lífsgæði. Þetta þarf bæði að hugsa um í efnislegu umhverfi, en einnig í samgöngutækifærum, upplýsingagjöf, búnaði og kerfum.

Góðar tengingar milli svæða innan og utan útisvæðis hafa mikið að segja um jafnt aðgengi, og er brýnt að huga að hugsanlegum hindrunum. Tilfinningalegt ástand og sjálfstæði barna með líkamlega fötlun og skynhömlun ræðst m.a. af aðgengi þeirra í húsnæðinu og útisvæði. Huga þarf sérstaklega að hönnun sértækra rýma fyrir börn með langvarandi stuðningsþarfir. Slæm hljóðvist eins og bergmál, klišur, sem og slæm lýsing geta valdið viðkvæmum einstaklingum raunverulegum sársauka.

Rými þurfa því almennt að hafa viðeigandi hljóðvist og lýsing má ekki vera of skær eða flöktandi í sértækum rýmum. Þá verður að vera kostur að bjóða börnum og unglingum upp á afmörkuð rými þar sem hægt er að t.d. spila, lesa og spjalla saman án stöðugs áreitiss, s.s. umgangs eða hávaða.

Það gerum við með því að

- taka tillit til aðgengis fyrir alla í allri hönnun jafnt innan sem utandyra
- tryggja að hljóðvist sé viðeigandi og hæfi þeirri starfsemi sem fer fram í hverju og einu rými
- sjá til þess að lýsing sé viðeigandi í hverju og einu rými
- Huga að því að byggingarefni gefi ekki frá sér ertandi lykt
- tryggja að lykt tengd starfsemi eins og mótuneyti og list- og verkgreinum berist ekki um bygginguna.
- hafa jafnréttis-, lýðræðis- og margbreytileikasjónarmið að leiðarljósi við alla hönnun
- tryggja ókyngreind salerni og búningsaðstöðu

VISTVÆNAR SAMGÖNGUR

Byggingar fyrir skóla- og frístundastarf skulu taka mið af samgöngustefnu Reykjavíkurborgar og bjóða upp á vistvænar samgöngur. Í stefnunni er gert ráð fyrir að færri komi á bíl og fleiri komi gangandi, hjólandi eða nýti almenningssamgöngur. Umferð bíla við byggingarnar þarf því að halda í algjöru lágmarki en þeim mun meira lagt upp úr góðum stígatengingum við stofn- og tengileiðir umhverfis svæðið. Huga skal vel að innviðum og styðja markvisst við virka og vistvæna samgöngumáta.

Huga þarf vel að útfærslum og umhverfi á hjólastígum í tengslum við það svæði sem verið er að fara um, t.d. að hraðleiðir séu ekki í gegnum útisvæðið.

Það gerum við með því að


- hafa hjólastæði og aðstöðu til að geyma hjól barna og foreldra gjarnan í námunda við innganga
- hafa yfirbyggða hjólageymslu eða aðra góða, læsta aðstöðu til að geyma hjól og hjálma, rafhlaupahjól og aðra fararskjóta.
- hafa góða vagnageymslu við leikskóla fyrir foreldra sem ganga með börn sín í leikskólann
- huga vel að öryggi gönguleiða barna til og frá skóla og í frístundastarf, sem og aðgengi að almenningssamgöngum
- bjóða upp á búningsaðstöðu og sturtur fyrir starfsfólk

hafa hjólastæði og aðstöðu til að geyma hjól barna og foreldra gjarnan í námunda við innganga



Dalskóli / Vaarkitektar

huga vel að öryggi gönguleiða barna til og frá skóla og frístundastarf, sem og aðgengi að almenningssamgöngum



Huga skal vel að öryggi gönguleiða barna til og frá skóla og í frístundastarf, sem og aðgengi að almenningssamgöngum



útsvæði þar sem er mögulegt að hengja skyggisegl yfir

ÖRYGGISMÁL

Húsnæði, lóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði að börnum, starfsfólki og gestum sé búið öruggt og heilsusamlegt umhverfi og aðbúnaður sem skapar öryggi og vellíðan. Í því tilliti þarf að hafa í huga m.a. aðkomu, aðgengi, aðgangsstýringu, aðgangsvöktun, öryggisleiðbeiningar, rýmingarleiðir, fallvarnir, eldvarnir, undirlag, gólfefni, loftræsingu, lýsingu, hitastig, hljóðvist og varnir gegn hávaða.

HEILBRIGT HÚSNÆÐI

Byggingar fyrir skóla- og frístundastarf skulu stuðla að heilbrigðu umhverfi til þess að vernda heilsu, bæta frammistöðu, tryggja viðveru og auka hæfni til úrlausna hjá nemendum og starfsfólki. Heilbrigð innivist byggir meðal annars á eftirfarandi þáttum: loftgæðum, hljóðvist, lýsingu, rýmisnotkun, öryggi, aðgengi og umgjörð. Við hönnun, endurbætur og rekstur bygginga þarf að taka tillit til þessara þátta og fylgja leiðarvísunum sem byggja á rannsóknum sem sýna fram á betri heilsu, vellíðan og frammistöðu notenda.

Umhverfi skólabygginga þarf að styðja við en ekki hindra tækifæri til þess að þroskast og dafna þar sem börn dvelja mestum hluta í skóla- og frístundabyggingum utan við heimili sitt. Tíðni sýkinga, sjúkdóma og kvilla má lækka með heilbrigðu umhverfi í byggingum og þar með minnka fjarveru frá skóla.

Heilbriggt umhverfi samanstendur af tengingu bygginga og náttúru og aðgengi þeirra sem nota byggingar að umhverfi sem gefur tækifæri til hreyfingar, snertingar við náttúru, tækifæri til að eiga samskipti og að njóta hollrar fæðu.

Inniloft hvernar byggingar sem er háð hönnun og rekstri er stór umhverfis- og áhrifaþáttur heilsu. Loftgæði ráðast af tíðni loftskipta, rakaástandi byggingar, efnisnotkun og hegðun notenda.

Börn eru einkar næm fyrir umhverfisáhrifum efna og því er mikilvægt að huga að efnisvali í þeirra umhverfi, hvort sem er við framkvæmd, viðhald eða rekstur, til þess að tryggja vellíðan þeirra til framtíðar. Mörg efni sem eru til staðar í hreinsiefnum og byggingarvörum geta haft raskandi áhrif á heilsu. Vistvænar vörur eru ekki heilnæmar í öllum tilfellum og því ætti ávallt að hafa það í huga við efnisval.


Til þess að stuðla að góðri upplifun nemenda og vellíðan í byggingum þarf einnig að huga að umgjörð, rýmisnotkun og fagurfræði. Þá þarf að halda byggingum vel við og tryggja að á rekstrartíma bygginga séu þær í samræmi við þann ásetning og kröfur sem lagt var upp með.

Það gerum við með því að**Hönnun:**

- tryggja rakaöryggi; byggja þurrt, fylgja Rb blaði um rakaöryggi, velja hentug byggingarefni miðað við aðstæður og rakaálag, lágmarka viðhald, tryggja líftíma byggingarefna með því að velja gæði.
- huga að loftskiptum; loftræsing sé til staðar, loftskipti séu nægjanleg og uppfylli að minnsta kosti kröfur byggingarreglugerðar um skólahúsnæði, aðgengi og möguleiki til umsjónar loftræsibúnaðar, opnanleg fög séu aðgengileg og staðsett með tilliti til notkunar,
- velja efni sem eru með lága útgufun af rok gjörnum efnum sem spilla síður loftgæðum (þetta á við um innréttingar, húsbúnað, málningu, gólfefni og annað sem er veggfast)
- skrá notkun byggingarefna til að auðvelda endurbætur eða breytingar síðar
- taka tillit til þrifa í hönnun, svo að auðveldara verði að fylgja eftir góðum þrifum og rykhreinsun
- tryggja góða hljóðvist, þarf að uppfylla kröfur um skólahúsnæði og taka tillit til aðstæðna hverju sinni
- passa lýsingu, þarf að uppfylla kröfur um skólahúsnæði og taka tillit til mismunandi þarfa eftir rýmum
- uppfylla allar kröfur um öryggi og aðgengismál í byggingu og umhverfi hennar

Það gerum við með því að**Framkvæmdir/endurbætur:**

- tryggja gæði í framkvæmd, fylgja leiðarvísun framleiðanda um notkun og uppsetningu
- tímasetning framkvæmda verði þannig að þær trufla ekki loftgæði eða öryggi nemenda
- tryggja að við endurbætur sé hugað að betri innivist, betri loftgæðum, lýsingu og hljóðvist í samræmi við kröfur á hverjum tíma
- tryggja að framkvæmdir trufla ekki loftgæði, byggingarefnum sé ekki raskað þar sem notendur eru nálægt, tryggja að afmörkun viðgerðarrýma sé til staðar sérstaklega þegar er verið að laga rakaskemmdir
- fylgja leiðarvísun við hreinsun á raka- og myglusvæðum og fá fagaðila til verksins með réttan búnað og þekkingu
- fyrir framkvæmd þarf að ganga úr skugga um hvaða efni fari í niðurrif, sérstaklega kanna tilvist asbest
- velja byggingarefni með lága útgufun
- velja byggingarefni sem henta betur hverjum stað m.t.t. rakaálags, ágangs og notkunar
- taka sérstakt tillit til loftræsingar þar sem breytingar eru á notkun rýma eða skipulagi



Það gerum við með því að

Rekstur:

- fræða starfsfólk um mikilvægi loftgæða og hvernig sé hægt að stuðla að þeim í daglegu starfi
- tryggja þjónustu á loftræsikerfum samkvæmt handbók (s.s. tryggja hreinsun og að skipt sé um síur
- tryggja að loftflæði henta starfseminni hverju sinni
- tryggja aðgengi að opnanlegum fögum, opna glugga reglulega og a.m.k. á milli kennslustunda
- velja vistvæn og heilnæm efni án ilmefna við ræstingar
- huga að efnum sem eru notuð í skóla- og frístundastarfi t.d. í handmennt, myndmennt og smíðum og geta haft áhrif á loftgæði

